

Nd.

302. Nefndarátt

um frv. til laga um afnám biskupsembættisins.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg legg til, að frv. verði samþykkt. Meginástæðan fyrir mjer er sú, að samþykkt þess flýtti fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, sem virðist sjálfsagður í landi, sem að minsta kosti í orði viðurkennir fullt trúarbragðafrelsi, enda ætti los það hið mikla, sem nú er hjer í öllum trúmalaskoðunum, einnig að styðja

að þessu. Mörgum verður að spyrja, hvaða stefnu og trúmálaskoðun hin svokallaða evangelísk-lútherska kirkja fylgi yfir höfuð á landi hjer. En þar sem aðskilnaður ríkis og kirkju snertir þetta mál að eins óbeint, þá skal ekki langt út í þá sálma farið; að eins skal það tekið fram, að þau ein rök, sem meiri hluti allsherjarnefndar færir móti þessu máli, eru: »Að ríki og kirkja hafi nú fylgst að hjer á landi svo að segja alla æfi þjóðarinnar«. Vitanlega er slíkt engin rök. Það mætti með sama rjetti segja um allar úrehtar stofnanir og ráðstafanir.

Nefndarálit meiri hlutans má, að minum skilningi, yfirleitt telja nauðsnautt að raunhæfum röksemdum fyrir því, að ekki sje fært að leggja biskupsembættið niður. Það virðist frekar byggt á hugsanagraut og mærd, sem oft einkennir presta. Grunnfærar eru allar bollaleggingarnar um störf biskups, sem flest eru þannig vaxin, að hver sæmilegur skrifstofumaður gæti gegnt þeim.

Grundvöllur sá, sem meiri hluti nefndarinnar leggur fyrir sinu nál., er næsta einkennilegur. Meirihlutamönnum hugkvæmist sem sje það snjallræði að skjóta máli sinu til biskups. Ekki lagði biskup til, sem vonlegt var, að embætti hans yrði afnumið. En erindisleysu fóru þeir ekki nefndarmennirnir. Mælir troðinn, skekinn og fleytitullur var þeim mældur. 27 síður í stóru broti var skýrsla biskups. Jafnvel meirihlutamönnum þótti þó viðurhlutamikið að láta prenta alla skýrsluna, svo löng var hún og staglsöm, en lætur að eins prenta þá kafla úr henni, sem þeim þykja mergjæðastir. Í skýrslu biskups, og þar af leiðandi í nefndarálitinu, er aðaláherslan lögð á andlegu hlið embættisins. Jeg mun síðar sýna fram á, að ef um andlegan veg eða vald væri að ræða að því er þetta embætti snertir, þá mundi það til lítilla þrifa.

Hið veraldlega vald biskups er nú að kalla má horfið; leifar þess má nú finna í skýrslusöfnun og umsjónarstarfsemi. Það mætti æra óstöðugan að elta hvert atriði, að því er þetta snertir, í skýrslu biskups og nefndarálitinu. Jeg bið að eins þingmenn að kynna sjer þetta, og munu þeir þá sannfærast um, að rökin fyrir því, að nauðsyn sje á því, að þetta sje í höndum biskups, eru næsta veigalíti.

Um skýrslusöfnunina er það ljóst, að hver starfhæfur skrifstofumaður getur tekið að sjer það starf, enda bendir skýrslan á það, að þetta sje að nokkru leyti runnið til hagstofunnar, og er þá auðsætt, að prófastar gætu safnað hinum hlutanum og sent stjórnarráðinu. Jeg mundi ekki harma það, þótt slík störf bættust við prófasta, og þá ef til vill presta líka; ljett er af þeim miklum störfum með hinni nýju barnafræðsluskipun.

Annars er það önnur hlið málsins, hvern árangur þessi skýrslusöfnun hefir. T. d. má nefna það, að árið 1919 höfðu eftir skýrslunum orðið um 3000 messuföll á landinu. Þetta hefir mjer vitanlega ekki einu sinni verið birt opinberlega.

Visitasiuferðir eru til lítils gagns. Í skýrslu biskups er það meðal annars tekið fram um hina veraldlegu hlið þessara eftirlitsferða, að hún sje innifalin í því »að skoða prestssetrin í krók og kring«. Þetta virðist hagkvæmara að fela próföstum. Þeir eru kunnugri prestum og prestssetrum, hver í sinu prófastsdæmi. Til hvers eru prófastarnir, ef þeir geta ekki haft slíkt eftirlit?

Synodus virðist hentugra að hafa bæði norðanlands og sunnan. Norðlenskir prestar sækja nú lítt suður. Nær er það gamalli venju að hafa biskupa bæði norðan og sunnan, þótt jeg óski ekki eftir því, að þeir hafi völd eða laun, nema þá ferðakostnað.

Jeg læt hæstv. landsstjórn um það að svara fyrir sig um sparnaðinn við afnám embættisins; mjer list beggja álit hlutdrægt. Annars væri mestur sparnaður að því að afnema embættið strax, og hefi jeg síst á móti því.

Þá skal jeg minnst á hina andlegu hlið biskupsembættisins, sem er þrásinnis endurtekið í skýrslu biskups og nefndarálitinu, að sje aðalhlið þess.

Á dögum frumkristninnar, þegar torvigismenn hennar börðust aðallega fyrir rjetti og menningu kúgaðra manna og undirokaðra og reyndu að hræra menn til mannkærleika og meðaumkunar, má telja, að kristindómurinn hafi verið til góðs í andlegum skilningi. En kirkjan hefir fyr og síðar verið frekar til niðurdreps en uppbyggingar í hærra andlegum skilningi.

Notaði kirkjan og prelátar hennar vald sitt, meðan um vald var að ræða, til að leita sannleikans? Alls ekki. Mörgum þeirra, er fluttu dýpstu og merkustu sannindin, hefir verið fórnað á altari kirkjunnar. Nú er litlu valdi fyrir að fara hjá kirkjunni, en þó sjest misbrúkunin til dæmis í því, að hún var í heimsstyrjöldinni notuð af rikjunum til að æsa þjóðirnar hverja gegn annari.

Nú kveður svo ramt að, að helstu menn kirkjunnar viðsvegar um heim eru sjálfir farnir að sjá hvert stefnir. T. d. hefir erkibiskupinn í York, merkasti biskup í því vanafasta landi, Englandi, meðal annars sagt nýlega, að eins og trúarbrögðin dragi menn að sjer, eins hrindi kirkjan mönnum frá sjer.

Það er tómmt mál að tala um vald kirkjunnar hjer á landi í andlegum skilningi. Það er alkunnugt, að þótt kirkjunni sje haldið hjer uppi, þá snúa þeir, sem áhuga hafa á trúarbrögðum, sjer eitthvað annað. Þeir hneigjast að guðspeki, spiritisma o. s. frv.

Það mun flestum Íslendingum þvert um geð að lækna kirkjuna með dönskum áhrifum, sem þá mundu vera að meira eða minna leyti blönduð heimatrúboðsstefnunni. Þetta virðist vera biskupi áhugamál.

Kirkjan, eins og hún er nú á landi hjer, hefir, eins og bent hefir verið á, næsta lítið vald, og það sem það er, þá er það til einskis góðs í hærra andlegum skilningi.

Þess skal getið, að það, sem að framan er tekið fram um kirkjuna, ber ekki að skilja sem andúð til trúarbragða yfirleitt, og því síður til Krists. Hann barðist fyrir hugsjónum í óeigingjörnum tilgangi. Aldrei hefi jeg heyrt þess getið, að hann hafi komist á laun, biðlaun eða eftirlaun, en mörgum af svonefndum postulum hans hefir fyr og síðar skilist að gera sjer æfistarf hans að fjeþúfu, en andlega starfið hefir einatt staðið í ófugu hlutfalli við eldið.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 8. april 1923.

Gunnar Sigurðsson.